

Heilbrigðiseftirlit  
Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Ársreikningur  
2016

---

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

kt. 590184-0209

# Efnisyfirlit

---

	bls.
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra






Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er rekið af Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ og Kópavogsbæ, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samkvæmt rekstrarreikningi er rekstrarniðurstaða eftirlitsins á árinu neikvæð sem nemur 28,3 millj. kr., en því er mætt með framlögum frá aðildarsveitarfélögunum, þannig að niðurstaða rekstrarreiknings ársins er 0 kr. og þar með er eigið fé eftirlitsins 0 kr. Heildareignir nema 17,3 millj. kr. í árslok og skuldir og skuldbindingar nema 17,3 millj. kr. en þar af nema fyrirframinnheimtar tekjur 5,2 millj. kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis staðfesta hér með ársreikning eftirlitsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Garðabæ, **27** mars 2017.

Í stjórn:

  
Stjórn  
  
Fjöla Samúelsson  
  
Þórunn Þorvaldsson  
  
Þingiljörg Hauksdóttir  
  
Svava Þ. Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri:

  
Svava Þ. Guðmundsdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.


Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2 mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 27. mars 2017.

KPMG ehf.



## Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	Hunda- eftirlit	Heilbrigðis- eftirlit	Samtals	Fjárhags- áætlun
<b>Rekstrartekjur</b>					
Eftirlitsgjöld .....		19.633.968	62.752.846	82.386.814	83.300.000
Leyfisgjöld .....		2.866.450	5.855.000	8.721.450	8.650.000
Aðrar tekjur .....		281.275	7.913.321	8.194.596	9.330.000
		<u>22.781.693</u>	<u>76.521.167</u>	<u>99.302.860</u>	<u>101.280.000</u>
<b>Rekstrargjöld</b>					
Heilbrigðisnefnd .....	4	522.148	2.805.821	3.327.969	3.600.000
Laun og starfsmannakostnaður .....	4	10.696.548	78.492.293	89.188.841	89.330.000
Lífeyrisskuldbinding .....	7	0	247.063	247.063	0
Húsnæðiskostnaður .....		895.060	5.148.086	6.043.146	6.400.000
Skrifstofukostnaður .....		933.000	2.833.090	3.766.090	3.800.000
Tölvukostnaður .....		839.566	2.149.462	2.989.028	1.900.000
Akstur .....		406.015	3.214.262	3.620.277	5.550.000
Funda- og fræðslukostnaður .....		74.085	419.814	493.899	1.100.000
Aðkeypt þjónusta .....		2.466.384	8.407.882	10.874.266	13.450.000
Annar rekstrarkostnaður .....		6.734.470	849.465	7.583.935	8.250.000
		<u>23.567.276</u>	<u>104.567.238</u>	<u>128.134.514</u>	<u>133.380.000</u>
Rekstrarafkoma án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....		( 785.583)	( 28.046.071)	( 28.831.654)	( 32.100.000)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>					
Vaxtatekjur .....				632.026	0
Fjármagnstekjuskattur .....				( 110.547)	0
Vaxtagjöld .....				( 5.877)	0
				<u>515.602</u>	<u>0</u>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b> .....				( 28.316.052)	( 32.100.000)
<b>Fjármögnun</b>					
Framlög aðildarsveitarfélaga .....				28.316.052	32.100.000
<b>Niðurstaða ársins</b> .....				<u>0</u>	<u>0</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>Veltufjármunir:</b>			
Handbært fé .....		12.086.141	4.827.408
Viðskiptakröfur .....		1.148.375	756.229
Aðildarsveitarfélög .....	5	4.096.054	11.861.876
<b>Eignir samtals</b>		<u>17.330.570</u>	<u>17.445.513</u>
<b>Eigið fé:</b>			
Eiginfjárreikningur .....	6	0	0
<b>Skuldbindingar:</b>			
Lífeyrissjóðsskuldbinding .....	7	3.682.407	3.435.344
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Fyrirframinnheimtar tekjur v/heilbrigðiseftirlits .....		5.187.536	5.187.536
Viðskiptaskuldir og ógreiddur kostnaður .....		8.460.627	8.822.633
Skammtímaskuldir samtals		<u>13.648.163</u>	<u>14.010.169</u>
<b>Eigið fé, skuldir og skuldbindingar samtals</b>		<u>17.330.570</u>	<u>17.445.513</u>





# Skýringar

## 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis var stofnað af sveitarfélaginu Álftanesi, Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ og Kópavogsbæ þann 22. febrúar 1999 á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Heilbrigðiseftirlitið tók yfir eldri heilbrigðiseftirlit fyrrgreindra sveitarfélaga.

2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innhald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum megin atriðum gerð eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er birt í ársreikningnum til samanburðar.

## Sundurliðanir

4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2016	2015
Laun starfsmanna .....	69.144.667	68.474.962
Laun heilbrigðisnefndar .....	2.895.145	2.324.821
Mótframlag í líffeyrissjóð .....	12.029.455	11.601.980
Önnur launatengd gjöld .....	8.447.543	8.608.494
Áætlaður launakostnaður vegna nýrra samninga .....	0	2.500.000
	<u>92.516.810</u>	<u>93.510.257</u>
Laun og launatengd gjöld greinast þannig í rekstrarreikningi:		
Heilbrigðisnefnd .....	3.327.969	2.687.958
Laun og starfsmannakostnaður .....	<u>89.188.841</u>	<u>90.822.299</u>
	<u>92.516.810</u>	<u>93.510.257</u>

Á árinu voru 8 fastráðnir starfsmenn hjá eftirlitinu. Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 14,8 millj. kr. á árinu.

5. Framlög aðildarsveitarfélaga greinast þannig	Íbúafjöldi	Hlutfall	Framlag	Áætlun
Garðabær .....	14.717	19,102%	5.408.812	6.200.000
Hafnarfjarðarbær .....	28.189	36,587%	10.360.060	11.800.000
Kópavogsbær .....	34.140	44,311%	12.547.180	14.100.000
	<u>77.046</u>	<u>100,000%</u>	<u>28.316.052</u>	<u>32.100.000</u>

## Eigið fé

6. Yfirlit um eiginfjárreikninga:	2016
Eigið fé 1.1.2016 .....	0
Rekstrarniðurstaða ársins .....	( 28.316.052)
Framlag Garðabæjar .....	5.408.812
Framlag Hafnarfjarðarbæjar .....	10.360.060
Framlag Kópavogsbæjar .....	12.547.180
Eigið fé 31.12.2016 .....	<u>0</u>

## 7. Skuldbindingar

Á heilbrigðiseftirlitinu hvílir skuldbinding hjá Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar vegna tveggja starfsmanna eftirlitsins og er áætlað að skuldbinding þessi nemi 3,4 millj. kr. í árslok. Breyting á skuldbindingunni sundurliðast þannig á árinu:

Fiutt frá fyrra ári .....	3.435.344
Gjaldfærð hækkun á árinu .....	247.063
Staða 31.12.2016 .....	<u>3.682.407</u>